

Minnisblað verkefnastjóra Bergrisans bs.

39. stjórnarfundur Bergrisans bs. 12.04.2022

Til upplýsinga- almennt

Viss í Þorlákshöfn hefur breytt opnunartíma sínum tímabundið vegna breyttra þarfa notenda. Er nú opið hálfan daginn, fyrir hádegi, í stað þess að opið sé allan daginn.

Tvö rými hafa verið laus á Sólheimum. Voru gerðar endurbætur á rýmum. Úthlutunarferli er í gangi og er þegar búið að úthluta öðru rýminu

Úthlutun á Selvogsbraut í Þorlákshöfn verður tekin fyrir á næsta fundi fagteymis

Stjórnsýsluúttekt er í framkvæmd á starfssvæði Bergrisans. Ekki er að vænta niðurstaðna vegna hennar fyrr en í júní. Gæðaúttekt er jafnframt áfram í framkvæmd og mun stjórn Bergrisans fá kynningu á framvindu verkefnisins í maí.

Jöfnunarsjóður hefur samþykkt erindi vegna fjárparfar í rekstri Skaftholts fyrir árið 2021. Hefur Bergrisinn því fengið greiddar 26,7 mkr. vegna þessa.

Erindi Bergrisans bs. vegna hallareksturs Sólheima árið 2021 er til skoðunar hjá Jöfnunarsjóð.

Verklag - fjárhagsáætlun og bókanir (1)

Beiðni hefur borist um að bókanir séu ítarlegri og/eða að fylgigögn komi með bókunum. Mun verkefnastjóri bera ábyrgð á að svo verði héðan í frá.

Á sérstökum rekstrarfundum aðildarsveitarfélaganna var ákveðið að verklag skyldi vera svo að aukin fjárþörf samkvæmt fjárhagsáætlun verði framvegis innheimt mánaðarlega til aðildarsveitarfélaga.

Ráðgjafabroskabjálfi (3)

Sigríður Leifsdóttir hefur starfað fyrir Bergrisann bs., frá stofnun byggðasamlagsins en mun senn láta af störfum eftir farsæl ár í starfi. Sigríður hefur í störfum sínum lagt áherslu á ráðgjöf um þjónustu við fötluð börn auk þess sem hún hefur sinnt verkefnum fyrir fagteymi og þjónusturáð. Hefur þjónusturáð Bergrisans rætt tillögur um umfang og eðli starfsins nú þegar núverandi ráðgjafi er að láta af störfum og ljóst er að auglýsa þurfi stöðuna. Áherslur verða eftir sem áður fólgnar í ráðgjöf vegna einstaklingsmála þvert á Bergrisasvæði en ráðgjöfin verður almenns eðlis. Ráðgjafinn mun jafnframt halda utan um fundargerðir fagteymis og þjónusturáðs og aðstoða verkefnastjóra við gagnaöflun og að svara erindum.

Stofnframlag vegna nýs íbúðakjarna (4)

Árið 2018 fékk Bergrisinn bs., samþykki fyrir kr. 38.311.315 í stofnframlag vegna fyrirhugaðrar byggingar. Hefur reglugerð tekið breytingum frá árinu 2018 og nú er von um að fá úthlutað stofnframlagi að upphæð kr 56.681.004 auk 9,2 mkr aukaframlags. Forsendur nýrrar úthlutunar eru að áður úthlutaðu framlagi verði skilað.

Stjórn Arndardrangs hses. (5)

Stofnfundur fyrir sjálfseignarstofnun er í undirbúning. Á fundi þarf að kjósa þrjá aðalmenn og þrjá til vara. Jöfn kynjaskipting. Tillaga um að hvert þjónustusvæði hafi sinn fulltrúa, þ.e. að stjórn Bergrisans og varamenn taki hlutverkið að sér þar til fulltrúaráð hefur verið skipað.

NPA (6)

Í janúar 2022 náðust samningar á milli Npa miðstöðvar og Eflingar. Í samningnum er kveðið á um launahækkun frá 1. janúar sl. auk þess sem betri vinnutími tekur gildi frá og með 1. maí nk. Stjórn Bergrisans hefur af þessu tilefni fengið erindi frá Npa miðstöð þar sem sett eru fram viðmið um nýjan taxta miðað við áður nefndar forsendur. Verði erindi Npa miðstöðvar samþykkt má ætla 22 mkr. í kostnaðaraukningu vegna npa samninga árið 2022. Gjald beingreiðslusaminga er 85% hluti af tímagjaldi npa samninga og því þyrfti stjórn jafnframt að taka afstöðu um það tímagjald.

Vegna greiningar á rekstri (7)

Óskað var eftir greiningum frá sveitarfélögunum Árborg og Ölfusi vegna reksturs eininganna Vallholts 27 og Selvogsbrautar 1. Sýndu þær greiningar eftirfarandi:

Áætlun í Vallholts 27 í Árborg fyrir árið 2021 hljóðaði upp á kr. 114.064.000. Yfirkeyrsla nam 11,5 mkr. Ástæður hallareksturs er framkvæmd betri vinnutíma ásamt breyttu vaktkerfi vegna Covid og almennra veikinda.

Áætlaðar voru kr. 134.935.000 vegna reksturs Selvogsbrautar í Þorlákshöfn árið 2021. Niðurstaða rekstrar var halli upp á 24.944.712. Skýrist hallinn af kostnaði vegna langtímaveikinda og Covid veikinda en þau kostuðu eininguna rúmar 18 mkr. Einnig skýrist hallarekstur af framkvæmd betri vinnutíma.

ÍE